


ÁRSSKÝRSLA FRÆÐSLUSJÓÐS 2024



Fræðslusjóður
maí/2025

 FRÆÐSLUMIDSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI



Efnisyfirlit

Starfsemi Fræðslusjóðs 2024.....	3
<i>Stjórn Fræðslusjóðs er þannig skipuð 2024:.....</i>	<i>4</i>
Tölfræði úr starfinu	5
Helstu upplýsingar 2024.....	6
<i>Ráðgjöf um nám og störf.....</i>	<i>6</i>
<i>Vottað nám</i>	<i>12</i>
<i>Raunfærnimat.....</i>	<i>16</i>
Nýsköpunar- og þróunarverkefni 2024	20
Lokaorð.....	21
Heimildaskrá.....	21

Starfsemi Fræðslusjóðs 2024

Fræðslusjóður starfar samkvæmt lögum nr. [27/2010 um framhaldsfræðslu](#). Málaflokkur framhaldsfræðslunnar fellur undir verksvið félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og þar með Fræðslusjóður.

Ráðherra skipar Fræðslusjóði níu manna stjórn til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tilnefna tvo fulltrúa hvort, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Skólameistarafélag Íslands tilnefna einn fulltrúa hvort, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og mennta- og barnamálaráðuneyti einn. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Stjórn Fræðslusjóðs hefur sett sér starfs- og úthlutunarreglur sem ráðherra hefur staðfest. Í þeim kemur fram hvernig meðferð umsókna er háttað og almenn skilyrði fyrir veitingu framlaga úr sjóðnum, úthlutunar- og uppgjorsreglur. Sjá nánar í [Skilmálum og úthlutunarreglum](#).

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) sér um daglega umsýslu sjóðsins, svo sem að undirbúa og boða stjórnarfundir, framfylgja ákvörðunum stjórnar sjóðsins, vera í samskiptum við þá aðila sem fá úthlutanir úr sjóðnum, samningagerð og uppgjör.

Stjórn sjóðsins fundaði átta sinnum á árinu og eru fundargerðir stjórnar birtar á vef FA. Fræðslusjóður úthlutar í byrjun árs til kennslu vottaðra námsleiða, framkvæmdar náms- og starfsráðgjafar og framkvæmdar raunfærnimats, en þessi verkfæri eru ætluð markhópi framhaldsfræðslunnar sbr, lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010,. Eingöngu fræðsluaðilar sem tilteknir eru í skilmálum og úthlutunarreglum sjóðsins eiga rétt á framlögum í framangreind verkefni. Hafi þeir ekki fullnýtt framlög sín til kennslu og ráðgjafar í lok úthlutunaársins, eða innan 18 mánaða frá úthlutun ef um raunfærnimat er að ræða, ber þeim að skila eftirstöðvunum til sjóðsins og koma þær þá til viðbótar við næstu úthlutun.



Stjórn Fræðslusjóðs er þannig skipuð 2024:

Inga Dóra Halldórsdóttir, formaður skipuð án tilnefningar	Hulda Anna Arnljótsdóttir, varaformaður, skipuð án tilnefningar
f.h. ASÍ	Varamenn
Finnbogi Sveinbjörnsson	Stefán Sveinbjörnsson
Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir	Eyrún Björk Valsdóttir
f.h. SA	Varamenn
Maj-Britt Hjördís Briem	Ólafur Garðar Halldórsson
Hulda Birna Baldursdóttir	Páll Ásgeir Guðmundsson
f.h. BSRB	Varamenn
Karl Rúnar Þórsson	Dagný Björk Erlingsdóttir
f.h. Mennta- og barnamálaráðuneytis	Varamaður
Gylfi Jónu Arnbjarnarson	Jóhanna Þórunn Pálsdóttir
f. h. Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fjármála- og efnahagsráðuneytis	Varamaður
Margrét Sigurðardóttir	Einar Mar Þórðarson
f.h. Skólameistarafélags Íslands	Varamaður
Helga Kristín Kolbeins	Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Tölfræði úr starfinu

Stjórn Fræðslusjóðs, starfsfólk FA, samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar eru reglulega upplýstir um framgang í starfi framhaldsfræðslunnar með tölfræðilegum samantektum úr þeim upplýsingum sem fræðsluaðilar skila. Oft leita samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar til FA eftir tölfræðiupplýsingum úr starfinu og við þeim beiðnum er brugðist í hvert sinn. Í mars var árangur fyrra árs tekinn saman og kynntur fyrir ráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna. Ýmis tölfræði ársins var kynnt starfsmönnum FA og stjórn Fræðslusjóðs í tengslum við stjórnarfundir og aðra fundi.



Á MÆLABORÐI FA Á [FRAE.IS](#) ER BIRTUR STÓR HLUTI
TÖLFRÆÐIGAGNA FRÁ UPPHAFI STARFSEMI.

Í ársbyrjun var farið yfir alla þjónustusamninga og samninga um framkvæmd og þeir bornir saman við niðurstöður sem fræðsluaðilar skila um framkvæmdina. Þar sem fjármagn hefur ekki verið notað að fullu er gerð krafa um endurgreiðslur. Samstarfsaðilar skrá upplýsingar um framkvæmd í ráðgjöf, námsleiðum og raunfærnimati í Innu.

Helstu upplýsingar 2024

Ráðgjöf um nám og störf


Eftirfarandi tafla sýnir heildarframlag (í kr.) árið 2024 og til samanburðar eru tölur fyrir árin 2020 – 2023. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.

Tafla 1

Framkvæmd náms- og starfsráðgjafar

	2020	2021	2022	2023	2024
Mímir-símenntun	21.554.000	22.943.000	24.753.000	26.529.900	30.070.000
Framvegis	4.439.000	4.910.000	7.432.000	9.029.500	9.010.000
Starfsmennt	539.800	316.200	96.800	368.800	287.600
IÐAN	32.167.000	32.454.700	28.585.700	28.439.600	33.823.600
Rafmennt	1.471.000	2.193.000	763.500	1.573.500	1.723.600
Samt. höfuðb.svæðið	60.170.800	62.866.900	61.631.000	65.941.300	74.914.800
Símenntun Vesturlandi	11.652.288	9.358.300	8.274.000	8.903.144	10.650.530
Fræðslumst. Vestfj.	4.598.000	5.154.668	5.136.000	5.930.700	5.778.400
Farskólinn NV-landi	3.769.410	3.903.591	1.388.400	2.906.700	3.377.708
SÍMEY	9.762.276	6.738.388	6.101.400	8.607.448	7.575.940
Þekkingarn. Þingeyinga	6.620.000	7.239.000	9.994.000	11.631.000	14.180.000
Austurbrú	5.091.755	3.954.105	4.041.300	5.562.100	5.500.000
Fræðslunet Suðurlands	8.967.180	5.331.768	8.431.900	9.190.844	10.725.200
Viska Vestmannaeyjum	3.883.000	2.970.100	2.576.200	2.950.000	2.875.200
MSS	13.412.980	10.520.800	11.717.000	16.100.300	13.395.000
Samt. landsbyggðin	67.756.889	55.170.720	57.660.200	71.782.236	74.057.978
Samtals allt	127.927.689	118.037.620	119.291.200	137.723.536	148.972.778


Heildarfjöldi viðtala árið 2024 voru 9.087 en þar af greiddi Fræðslusjóður fyrir 9.076 viðtöl eða 99,8%. Á mynd 1 má sjá fjölda viðtala síðastliðin fjögur ár eftir fjármagni. Tölur um viðtöl eru byggðar á fjölda viðtala en ekki fjölda þeirra einstaklinga sem sækja viðtölin. Fræðslusjóður greiðir því kr. 16.414 fyrir hvert viðtal að meðaltali.




Á töflu 2 má sjá þróun kostnaðar Fræðslusjóðs vegna ráðgjafaviðtala árin 2021 – 2024 sem sýnir hlutfallslega hækkun milli ára nema árið 2022.

Tafla 2				
Þróun kostnaðar Fræðslusjóðs pr. viðtal í ráðgjöf				
	2021	2022	2023	2024
Fræðslusjóður greiddi	14,346 kr.	13,757 kr.	14,606 kr.	16,414 kr.


Eins og sést á mynd 2 voru 4.454 einstaklingar á bakvið 9.087 viðtöl árið 2024 eða um 2 viðtöl á hvern einstakling að meðaltali. Árið 2023 var hlutfallið svipað eða 4.320 einstaklingar á bakvið 9.444 viðtöl eða 2,19 viðtöl á einstakling að meðaltali.




Viðtöl sem fóru fram rafrænt tóku kipp yfir Covid árin og nú eru rafræn viðtöl orðin stór hluti af þeim viðtölum sem tekin eru hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum. Árið 2024 voru 40% viðtala rafræn, en voru 41% og 43% árin 2023 og 2022.




Eins og sjá má á mynd 4 hefur hlutfall kvenna verið að aukast lítillega hjá þeim sem sækja ráðgjöf og voru þær aðeins fleiri árin 2022 og 2023. Hlutfall kynja þeirra sem sækja ráðgjafaviðtöl má sjá á næstu mynd fyrir árin 2021- 2024. Árið 2024 eru konur aðeins færri en karlar eða 48% og karlar 52%.



Aldursskipting helst mjög svipuð milli ára eins og sjá má á næstu mynd, en meirihluti ráðþega eru á aldrinum 26 – 35 ára.




Mikill meirihluti þeirra sem sækja viðtöl eru innan markhóps framhaldsfræðslunnar við komu í viðtal, en Fræðslusjóður greiðir fyrir allt að 20% viðtala við einstaklinga utan markhóps. Viðmið markhópsins er sú menntun sem einstaklingar hafa þegar þeir sækja viðtalið og teljast þeir sem hafa hafið nám í framhaldsskóla en ekki lokið því, hafa aðeins lokið grunnskóla eða eru með starfsmenntun innan markhópsins. Aðeins um 13% - 14% þeirra sem sækja viðtöl eru ekki í markhópi framhaldsfræðslunnar og Fræðslusjóður greiðir fyrir.



Þeim einstaklingum með erlent ríkisfang fjölgar jafnt og þétt í hópi þeirra sem fara í viðtal hjá ráðgjafa innan framhaldsfræðslunnar eins og sést á eftirfarandi töflu, en hlutfall einstaklinga með erlent ríkisfang var 16% árið 2020 en 30% árið 2024.

Tafla 3 Hlutfall erlendra og íslenskra ríkisborgara sem sóttu viðtöl 2020 - 2024					
	2020	2021	2022	2023	2024
Erlendir ríkisborgarar	16%	19%	24%	26%	30%
Íslenskir ríkisborgarar	84%	81%	76%	74%	70%


Meirihluti ráðþega var í starfi við komu í viðtal 2024 eða 66% eins og sjá má á þessu skífuriti.



Það er hins vegar athyglisvert að skoða stöðu einstaklinganna, sem sóttu ráðgjöf 2024, á vinnumarkaði eftir landshlutum eins og sést á mynd 8. Þar sést að 83-85% ráðþega á Norðurlandi eru í vinnu við komu í viðtal, en 22% ráðþega á Suðurnesjum eru í starfi, 49% í atvinnuleit og 13% í starfsendurhæfingu. Á Suðurlandi eru 58% ráðþega í starfi, 4% í atvinnuleit en 26% í starfsendurhæfingu. Á höfuðborgarsvæðinu eru 73% í starfi, 7% í atvinnuleit og 12% í starfsendurhæfingu.

Ef þetta er borið saman við tölur frá Vinnumálastofnun kemur í ljós að atvinnuleysi á Suðurnesjum var um 6% árið 2024, 3,6% á höfuðborgarsvæðinu, 2% á Austurlandi, 2,5% á Norðurlandi eystra, 1,3% á Norðurlandi vestra, 3,2% á Suðurlandi, 2,7% á Vestfjörðum, 2,7% á Vesturlandi og 3,5% á landinu öllu árið 2024. (Vinnumálastofnun, 2025)

Staða á vinnumarkaði eftir landshlutum 2024



Vottað nám

Eftirfarandi tafla sýnir heildarframkvæmd námsleiða árin 2020 - 2024 hjá fræðsluaðilum. Með heildarframkvæmd er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutana innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjörsreglur sjóðsins.

Tafli 4					
Framkvæmd vottaðra námsleiða	2020	2021	2022	2023	2024
Mímir-símenntun	172.061.000	168.048.000	173.206.068	190.421.000	241.940.000
Framvegis	45.815.000	47.601.000	58.824.333	51.645.632	58.821.000
Starfsmennt	0	0		0	0
IÐAN	0	2.024.000	2.024.000	2.112.000	0
Rafmennt	0	0		0	0
Samt. höfuðb.svæðið	217.876.000	217.673.000	234.054.401	244.178.632	300.761.000
Símenntun Vesturlandi	12.700.000	11.892.154	22.211.000	26.651.574	19.271.723
Fræðslumst. Vestfj.	18.030.000	18.050.000	6.966.000	17.631.750	18.650.000
Farskólinn NV-landi	11.960.000	13.033.000	7.741.639	10.595.211	15.515.000
SÍMEY	65.751.000	69.813.500	73.840.600	78.067.000	90.112.000
Þekkingarn. Þingeyinga	9.238.000	10.632.098	12.997.500	22.346.500	28.140.000
Austurbrú	18.820.000	20.990.491	19.031.648	21.125.368	30.122.956
Fræðslunet Suðurlands	34.606.900	38.986.000	35.882.285	45.365.000	46.935.233
Viska Vestmannaeyjum	10.140.000	2.400.100	3.445.600	10.195.000	9.920.000
MSS	76.823.000	79.079.000	95.428.000	127.890.000	142.105.500
Samt. landsbyggðin	258.068.900	264.876.343	277.544.272	359.867.403	400.772.412
Samtals allt	475.944.900	482.549.343	511.598.673	604.046.035	701.533.412

Alls luku 2.671 nemendur námi samkvæmt vottuðum námskrám og námsleiðum FA. Fræðslusjóður greiddi fyrir 97,% af því á árinu 2024. Meðalkostnaður á nemanda er því kr. 262.648.

Tafli 4		
Vottaðar námsleiðir og framlag Fræðslusjóðs 2024	Fjöldi nemenda	Hlutfall
Greitt af Fræðslusjóði	2599	98,0%
Greitt af öðrum	72	2,7%
Fjöldi nemenda alls	2653	
Meðalkostnaður á nemanda greitt af Fræðslusjóði		262.648


Á töflu 5 má sjá þróun kostnaðar Fræðslusjóðs á hvern einstakling sem sækir vottað nám innan framhaldsfræðslunnar árin 2020 – 2024.

Tafla 5

Próun kostnaðar Fræðslusjóðs pr. einstakling í námskrám

	2021	2022	2023	2024
Fræðslusjóður greiddi	245.822 kr.	296.064 kr.	267.159 kr.	262.648 kr.

Hlutfall karla og kvenna sem luku námi helst nokkuð jafnt á milli ára eins og sést á mynd 9, en konur eru jafnan í meirihluta og voru 61% árið 2024.



Í töflu 5 má sjá fjölda einstaklinga sem luku námi á árunum 2021-2024 og kostnaðarskiptingu, þ.e. og fyrir hversu marga einstaklinga Fræðslusjóður greiddi og fyrir hversu marga námið var fjármagnað eftir öðrum leiðum. Helstu aðilar sem fjármögnuðu nám, aðrir er Fræðslusjóður, var Vinnumálastofnun á árunum 2021 -2022 vegna viðbragða við Covid og árið 2025 var sérstakt fjármagn til Færni á vinnumarkaði verkefnisins sem FA, Fjölmennt og Vinnumálastofnun stóðu að.


Tafla 5

FJÖLDI EINSTAKLINGA SEM LUKU NÁMI EFTIR MIÐSTÖÐVUM OG FJÁRMAGNI 2021 - 2024


ÁRTAL FJÁRMAGN	2021			2022			2023			2024		
	Fræðslusj.	Annað Fjármagn	Fjöldi allts	Fræðslusj.	Annað Fjármagn	Fjöldi allts	Fræðslusj.	Annað Fjármagn	Fjöldi allts	Fræðslusj.	Annað Fjármagn	Fjöldi allts
Austurbú ses.	79	37	116	112	49	161	107		107	106	18	124
Farskólinn-miðstöð símenntunar	57		57	30	21	51	58		58	121	6	127
Fræðslu/símenntunarmiðstöð VE ses	14	6	20	24	10	34	68		68	45	5	50
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	143	34	177	78	15	93	90		90	113	7	120
Fræðslunetið-símenntun ses.	172		172	123		123	193		193	142	5	147
Framvegis miðstöð símennt.ehf.	135	49	184	156	60	216	233		233	296	7	303
IDAN-Fræðslusetur ehf.	7	7	14	5		5	6		6			
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	263	379	642	307	199	506	398		398	398	5	403
Mímir-símenntun ehf.	461		461	491		491	607		607	866	7	873
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	288	52	340	236	40	276	295		295	301	6	307
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	57	25	82	136	47	183	132		132	78	6	84
Þekkingarnet Þingeyinga	48	78	126	48	78	126	74		74	133		133
ALLS FJÖLDI	1724	667	2391	1746	519	2265	2261	0	2261	2599	72	2671
HLUTFALL	72%	28%	100%	77%	23%	100%	100%	0%	100%	97%	3%	100%

Á mynd 10 sést að staðnám hefur aftur aukist verulega, en fjarnám jókst þónokkuð yfir Covid árin. Árið 2020 var um 29% náms kennt í staðnámi, 32% árið 2021, 52% árið 2022 og 60% árið 2023. Árið 2024 er hlutfall staðnáms komið í 64%.


Einnig sést að fjarnám og blandað nám (blanda af fjar- og staðnámi) var 44% árið 2020 og 41% árið 2021, þetta hlutfall var 37% árið 2021 og 34% árið 2023. Árið 2024 var þetta hlutfall 24%. Óskráð er það nám þar sem fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar hafa ekki skráð hvort námið sé kennt í staðnámi, fjarnámi eða blönduðu námi.



Fræðslusjóður greiddi fyrir 97% nemenda sem luku námi árið 2024. Árið 2024 voru kenndar 37 mismunandi námskrár og námsleiðir og á mynd 11 má sjá þær tíu mest sóttu árið 2024. Alls luku 1.632 nemendur úr 10 vinsælustu námsleiðunum sem er 61,5% allra nemenda sem luku námi.



Kennsla í námsleiðum eykst eins og sjá má á næstu mynd, en FA hefur þróað leið til að brjóta upp námskrár framhaldsfræðslunnar (örvottun) til að svara ákalli um fjölbreyttara námsframboð fyrir markhópinn. Verkfærið er lagt í hendur fræðsluaðila til að nýta út frá þörfum markhóps hjá hverri fræðslu- og símenntunarmiðstöð og var byrjað á þessu árið 2022.



Aukning í kennslu á námsleiðum (uppbroti námskráa) er 9% á milli áranna 2023 og 2024 eins og sést á mynd 12, starfstengdar námskrár voru 52% kenndra námskráa, almennar námskrár 28% og bóknám 7%.

Fjöldi einstaklinga með erlent ríkisfang heldur áfram aukast hjá framhaldsfræðslunni og er það sérstaklega áberandi í námskrám og námsleiðum. Árið 2024 voru einstaklingar með erlent ríkisfang aðeins fleiri en þeir sem eru með íslenskt ríkisfang eða 51% eins og sést á töflu 6. Árið 2020 voru eintaklingar með erlent ríkisfang 25%, 31% árið 2021, 32% árið 2022, 49% árið 2023 og svo 51% árið 2024.

Tafla 6

Hlutfall íslenskra og erlendra ríkisborgara sem luku námi 2020 - 2024

	2020	2021	2022	2023	2024
Íslenskir ríkisborgarar	75%	69%	68%	51%	49%
Erlendir ríkisborgarar	25%	31%	32%	49%	51%

Raunfærnimat

Eftirfarandi sýnir heildarframlag raunfærnimats árið 2024 hjá fræðsluaðilum. Til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árin 2020 - 2023. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.

Tafla 7

Framkvæmd raunfærnimats

	2020	2021	2022	2023	2024
Mímir-símenntun	18.523.400	10.987.860	7.784.180	15.559.455	18.002.340
Framvegis	2.730.000	4.227.500	6.203.200	11.919.219	9.946.436
Starfsmennt	0	0	0	0	0
IÐAN	60.455.150	53.811.140	40.353.640	42.715.821	44.124.664
Rafmennt	7.594.000	7.703.500	6.960.300	5.513.769	7.739.284
Samt. höfuðb.svæðið	89.302.550	76.730.000	61.301.320	75.708.264	79.812.724
Símenntun Vesturlandi	18.972.000	9.190.480	7.377.860	5.849.066	6.479.028
Fræðslumst. Vestfj.	9.937.500	5.408.600	7.189.520	6.116.061	4.272.694
Farskólinn NV-landi	556.5	3.260.500	1.934.400	2.897.730	1.019.326
SÍMEY	10.390.100	4.766.660	10.673.260	10.668.825	9.454.067
Þekkingarn. Þingeyinga	2.650.000	1.209.600	3.029.800	5.006.925	8.366.117
Austurbrú	5.158.208	4.467.700	6.502.800	6.072.600	3.804.700
Fræðslunet Suðurlands	16.553.100	3.262.080	13.222.560	10.499.931	9.378.208
Viska Vestmannaeyjum	5.739.200	4.504.980	4.049.160	4.394.913	4.160.572
MSS	3.444.200	3.653.800	5.079.900	9.429.500	4.551.468
Samt. landsbyggðin	73.400.808	39.724.400	59.059.260	60.935.551	51.486.180
Samtals allt	162.703.358	116.454.400	120.360.580	136.643.815	131.298.904

Á árinu 2024 luku 580 einstaklingar raunfærnimati hjá fræðslu- og símenntunarmiðtöðvum um allt land. Af þeim greiddi Fræðslusjóður fyrir 517 einstaklinga eða 89% og 63 voru greidd af öðrum. Á töflu 8 sést fjöldi einstaklinga sem lauk raunfærnimati á árunum 2020 – 2024 skipt eftir fjármagni.

Meðalkostnaður Fræðslusjóðs pr. einstakling árið 2024 er því kr. 253.963.


Tafla 8

Fjöldi einstaklinga sem luku raunfærnimati 2020 - 2024

Eftir fjármagni

	2020	2021	2022	2023	2024
Fræðslusjóður	573	489	507	561	517
Greitt af öðrum	65	91	60	83	63
	638	580	567	644	580

Á mynd 13 sést fjöldi einstaklinga sem lauk raunfærnimati 2024 eftir flokkum raunfærnimats, en 47% raunfærnimats árið 2024 var í starfsnámsgreinum, 41% í löggildum iðngreinum, 7% í almennri starfshæfni og 5% sem lauk með Fagbréfi.



Tafla 9 sýnir nánari upplýsingar um framkvæmd raunfærnimats. Árið 2024 eru karlar í meirihluta þeirra sem ljúka námi í löggildum iðngreinum eins og undanfarin ár, en konur eru í meirihluta þeirra sem ljúka raunfærnimati frá starfsnámsbrautum. Konur eru einnig í meirihluta þeirra sem luku raunfærnimati í almennri starfshæfni, en karlar í meirihluta þeirra sem luku raunfærnimati með Fagbréfi.


Tafla 9

Tölfræði raunfærnimats 2024						
	Fjöldi	Meðalfj. lokinna eininga	Konur	Karlar	Annað /kynsegið	Meðalaldur
Starfsnámsbrautir	273	43.5	72%	28%		39 ár
Löggildar iðngreinar	235	39.9	2.5%	97.5%		36,6 ár
Almenn starfshæfni	43	0	58.0%	39.5%	2.5%	32,3 ár
Fagbréf	29	30	20%	80%		34,1 ár
Samtölur	580	39.9	40.3%	59.5%	0.2%	37,3 ár

Á töflu 10 má sjá þróun kostnaðar Fræðslusjóðs á hvern einstakling sem lokið hefur raunfærnimati árin 2021 – 2024.

Tafla 10 Þróun kostnaðar Fræðslusjóðs pr. einstakling í raunfærnimati				
	2021	2022	2023	2024
Fræðslusjóður greiddi	238,148 kr.	237,397 kr.	243,572 kr.	253,963 kr.

Einstaklingar sem hófu nám á framhaldsskólastigi en luku því ekki eru í miklum meirihluta þeirra sem luku raunfærnimati árið 2024 eins og fyrri ár, næstur er fjöldi þeirra sem hafa aðeins lokið grunnskóla og svo þeirra sem hafa lokið tveggja ára eða styttri starfsmenntun. Þetta sést á mynd 14.



Á árinu 2024 fóru flestir einstaklingar í gegnum raunfærnimat, sem er metið á móti sjúkraliðabraut, eins og árið 2023 og næst flestir í húsasmíði en tafla 11 sýnir 10 fjölmennustu greinar í raunfærnimati 2024.

Tafla 11 Tíu fjölmennustu greinar í raunfærnimati 2024	
Grein	Fjöldi
Sjúkraliði	77
Húsasmíði	48
Félagssliði	46
Almenn starfshæfni	43
Rafvirkjun	40
Leikskólaliði	29
Stuðningsfulltrúi	28
Skipstjórn	27
Bífvélavirkjun	20
Matreiðsla	20

Nýsköpunar- og þróunarverkefni 2024

Fræðslusjóður auglýsir í mars ár hvert eftir nýsköpunar- og þróunarstyrkjum í framhaldsfræðslu. Sérstök úthlutunarnefnd, sem tilnefnd er af stjórn Fræðslusjóðs, fer yfir þær umsóknir sem berast og gerir tillögu að úthlutun til stjórnar. Árið 2024 voru veittir 12 styrkir samtals að upphæð rúmar 42 milljónir.

[Nánari upplýsingar um úthlutun Fræðslusjóðs til nýsköpunar- og þróunarverkefna á vef FA](#)

Lokaorð

Framlag ríkisins til Fræðslusjóðs árið 2024 voru 958 milljónir sem er 6,5% hækkun frá fyrra ári, þegar framlagið var 899.4 milljónir. Rétt er að vekja á því athygli að ástæða þess að gengið hafi verið á eigið fé, er að árið 2023 var ekki veitt í nýsköpunar- og þróunarverkefni og það fé sem áætlað hafið verið kom því til hækkunar á eigin fé við uppgjör ársins 2023. Því var síðan úthlutað á árinu 2024.

Alls luku 2.653 einstaklingar námi hjá samstarfsaðilum sjóðsins á árinu sem er um 17% aukning frá árinu á undan þegar 2.261 einstaklingar luku námi. Athygli vekur að erlendi hópurinn hefur vaxið mjög undanfarin ár frá því að vera 25% einstaklinga sem luku námi 2020 í að vera 51% árið 2024.

Ráðgjafaviðtölum fækkaði um rúm 9% frá árinu 2023 og voru 9.087 árið 2024, en árið 2022 voru ráðgjafaviðtölin 8.760. Erlendir ríkisborgarar eru nú orðnir um 30% eintaklinga sem sækja viðtöl sem er aukning frá fyrra ári þegar hlutfallið var um 25%.

Árið 2024 luku 580 manns raunfærnimati, sem er fækkun frá árinu 2023, fjölgun frá 2022 og jafn margir og luku raunfærnimati árið 2021. Sjúkraliðinn er fjölmennasta fagið í raunfærnimati og húsasmíði í öðru sæti rétt eins og árið 2023.

Fræðslusjóður greiddi fyrir 89% þeirra sem luku raunfærnimati 2024, flestir luku mati úr starfsnámi eins og undanfarin ár eða 47% og næstflest úr iðngreinum, eða 41%.

Frekari tölfræði má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins [hér](#).

Frekari gögn um starfsemi Fræðslusjóðs er [hér](#) á vef FA.

Heimildaskrá

Vinnumálastofnun. (2025). *Mælaborð og tölulegar upplýsingar - Talnagöng og atvinnuleysi*. Sótt frá Island.is/vinnumalastofnun: <https://island.is/s/vinnumalastofnun/maelaborð-og-toelulegar-upplysingar>